



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. maí 2011.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, 674. mál, og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 675. mál.

Allsherjarnefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins á frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands ásamt fylgifrumvarpi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það byggist á miklu leyti á tillögum um hvernig mæta megi ábendingum og tillögum sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og í skýrslu þingmannanefndar sem falið var að fjalla um fyrrnefnda skýrslu. Fram kemur að breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafi það að markmiði að efla samhæfingu starfa á milli ráðherra.

Innan raða Samtaka atvinnulífsins eru skiptar skoðanir um efni frumvarpsins. Efasemdir beinast einkum að því ákvæði frumvarpsins þar sem heiti ráðuneyta er ekki lengur lögbundið heldur að stjórnarmálefni falla undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar hverju sinni sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Komi upp vafi eða ágreiningur um það undir hvaða ráðuneyti stjórnarmálefni heyrir skeri forsætisráðherra úr. Mikilvægi þessarar breytingar til að efla samhæfingu á milli ráðherra er óljós.

Með þessari tilhögun veitir löggjafinn forsætisráðherra meira vald um að ákveða heiti, verkefni og umfang hvers ráðuneytis en verið hefur. Það er ekki sjálfgefið að minni afskipti löggjafans af því hvernig skipan Stjórnarráðs Íslands er háttað bæti stjórnsýslu í landinu. Hin nýja tilhögun gefur forsætisráðherra möguleika til að færa stofnanir og málaflokka milli ráðuneyta óháð því hvort til þess séu fagleg rök eða hvort ástæður lúta t.d. að lausn á tíma- eða staðbundnum pólitískum ágreiningsefnum.

Tíðar tilfærslur verkefna innan Stjórnarráðs Íslands með breytingu á forsetaúrskurði geta ýtt undir pólitískan óróa og óstöðugleika. Einnig skiptir miklu fyrir efnahagslega hagsæld og félagslega velferð í landinu að ákveðinn stöðugleiki ríki í starfsemi Stjórnarráðs Íslands og stjórnsýslu ríkisins. Hætta getur einnig skapast á að verkefni falli milli stafs og hurðar eða að margir aðilar sinni sama verkinu.

Nýverið hafa átt sér stað umfangsmiklar breytingar á skipan ráðuneyta með fækkun þeirra og stækkun og fyrirhuguð er enn frekari fækkun ráðuneyta. Skiptar skoðanir hafa verið um breytingarnar og reynslan mun væntanlega leiða í ljós ágæti þeirra. Hætta er á að með fyrrnefndri niðurfellingu ákvæðis um heiti ráðuneyta geti skipan Stjórnarráðs Íslands orðið að tilraunaverkefni þar sem stöðugt er verið að leita bestu lausnar sem ólíkar skoðanir geta verið á.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samandregið af framansögðu kann það að vera viturlegt að hinkra með að breyta ákvæði 4. gr. núgildandi laga um Stjórnarráð Íslands þar til að fengist hefur reynsla á ágæti núverandi skipan og hvernig tekst að efla samhæfingu á milli ráðherra á grundvelli annarra ákvæða frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

